

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphaðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphaðugjaldið er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Hægt er að óska eftir aukatunnu við hverja íbúð.

3. gr.

Sorphaðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Kostnaður vegna sorphirðugjalds.*

| | | <i>Gjald kr.</i> |
|-----------------|----------------------------|------------------|
| Sorphaðugjald | pr. íbúð | 28.298 |
| Aukatunna svört | pr. ígildi 240 l sorptunnu | 18.500 |
| Aukatunna blá | pr. ígildi 240 l sorptunnu | 9.000 |

* Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkan byggingarvísitölu

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Sorphaðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphaðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

8. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarráði 4. desember 2014 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 10. desember 2014.

9. gr.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 1159/2012 úr gildi.

Hafnarfirði, 5. janúar 2015.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.